

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

33. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2021, föstudaginn 12. febrúar kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurbrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1. Fundur jafnframt haldinn í fjarfundi.

Mætt voru á fundinn: Samúel Kristjánsson oddviti, Elsa G. Borgarsdóttir og Birgir G. Ragnarsson. Ragnheiður Baldursdóttir og Jóhanna Kristjánisdóttir voru í fjarfundi.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð. Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn, að gætri fundarboðun. Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fundargerðir nefnda og félaga.
3. Fyrirspurn vegna Arnarlax.
4. Framkvæmdir Súðavíkurbrepps.
5. Kaup og sala fasteigna.

Afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og umræður um einstaka liði. Vegna sameiningarmála og íbúalágmarks mun sveitarstjóri halda áfram með þá vinnu sem honum var falið. Jafnframt gerð grein fyrir fundi sveitarstjóra og oddvita á Ísafirði með oddvitum og bæjarstjórum nágrennasveitarfélaga. Erindi vegna Vigur sbr. erindi innsent dags. 5.2.2021. Sveitarstjóra falið að ræða við Vegagerðina um eignarhald og mikilvægi bryggju í Vigur þar sem eini samgöngumátinn er sjóleiðina.
2. Fundargerðir nefnda og félaga.
Fundargerð 16. fundar skipulags-,bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 5.2.2021 samþykkt með fyrirvara við lið 1, sem sveitarstjórn frestar til næsta fundar. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.
Fundargerð Fasteignafélagsins Langeyrar ehf. dags. 11.2.2021 staðfest með fyrirvara um boðun hluthafafundar um ráðstöfun húsnæðis.
Fundargerð 3. fundar Fasteignafélags Súðavíkurbrepps dags. 11.2.2021 staðfest.
3. Fyrirspurn vegna Arnarlax.
Tekið fyrir og kynnt undir skýrslu sveitarstjóra.
4. Framkvæmdir Súðavíkurbrepps.
Farið yfir ástand miðbakka Súðavíkurbrepps, en lagfæringar á hafnarkanti og dekki eru á samgönguáætlun 2020-2024. Sveitarstjóra falið að hlutast til um útboð á verkinu með tilstuðlan Vegagerðarinnar. Bráðabirgðaviðgerðir á dekki verði framkvæmdar sem fyrst meðan beðið er viðgerðar á dekkinu í heild.

5. Kaup og sala fasteigna.

Samþykkt að selja græna húsið (Arnaflöt). Sveitarstjóra falið að koma eigninni í sölu.

Jafnframt ákveðið að taka fyrir næsta fund sveitarstjórnar sölu á fasteignum á Langeyri, atvinnuhúsnæði.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps og sveitarstjóri vilja þakka fráfarandi sveitarstjórnarmönnum; Elínu Birnu Bjargardóttur Gylfadóttur, Elíasi Erni Guðmundssyni og Steini Inga Kjartanssyni fyrir störf þeirra í þágu sveitarstjórnar og ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Sveitarstjórn og sveitarstjóri vilja jafnframt óska þeim og fjölskyldum þeirra velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:01

Ragnheiður Baldursdóttir

Elsa G. Borgarsdóttir

Birgir G. Ragnarsson

Jóhanna Kristjánsdóttir

Samúel Kristjánsson oddviti